




**Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á  
sveitarstjórnarfundi nr. 244,  
19. mars 2024**



Helstu viðfangsefni síðustu daga og vikur eða frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 18. janúar sl. Hér er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði.

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 655 íbúar mv. 1. mars sl.
- Fyrri umræða um ársreikning Dalabyggðar fyrir árið 2023 fór fram hér fyrir á fundinum. Vil ég hér ítreka þakkir mínar til allra þeirra sem að þeirri umfangsmiklu vinnu hafa komið sem og öllum starfsmönnum Dalabyggðar fyrir þeirra þátt í því að útkoman er eins og raun ber vitni. Reksturinn okkar er viðkvæmur, endalaus glíma má segja sbr. myndina hér til hliðar, og því mjög dýrmæt sú mikla kostnaðarvitund sem ég upplifi meðal starfsmanna Dalabyggðar og kjörinna fulltrúa, liðsheildin er sterk !






Um miðjan febrúar átti undirritaður fund ásamt framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fund með nágrönnum okkar og kollegum hjá Samtökum sveitarfélaga á Norðvesturlandi. Umræðuefnið var vegamál og sú sameiginlega sín okkar á mikilvægi þess að bæta veginn yfir Laxárdalsheiði og í gegnum Dali þannig að sú leið yrði raunhæfur kostur m.t.t. legu hringvegarins á komandi tímum. Vonandi verður framhald á þessu samtali.







Hér fyrr á fundinum voru afgreiddar fundargerðir sem kváðu á um að ljósleiðari hluti Dalaveitna ehf. færist í eigu Mílu og þar með léttist á rekstri Dalabyggðar en enn mikilvægara er að með því færist rekstur þessa mikilvæga innviðar í hendur fagfyrirtækis í þeim geira sem um ræðir sem jafnframt skuldbindur sig til að hefja vinnu við lagningu ljósleiðara í Búðardal í sumar, 2024, og að það klárast að ljósleiðaravæða Búðardal fyrir árslok 2025. Er það mikilvægur áfangi sem ég vona að íbúar hér í þéttbýlinu kunni að meta.



Í gær átti undirritaður ásamt lögreglustjóranum á Vesturlandi fund með dómsmálaráðherra þar sem til umræðu var skýrsla ríkislögreglustjóra vegna stöðu löggæslumála í Dalabyggð og staðan í húsnæðismálum lögreglunnar sem er í raun engin í dag því Dalabyggð er að lána lögreglunni skrifstofu og geymslurými fyrir lögreglubíl.

- 

Starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur verið að störfum undanfarnar vikur og og viðamikil gagnaöflun átt sér stað með heimsóknum og samskiptum í gegnum tölvupóst. Stefnt er að því að kynna áfangaskýrslu hópsins upp úr páskum.



Mikil umræða hefur verið undanfarið um vegamál, má segja enn og aftur, og nú í kjölfar fréttar sem birtist á heimasíðu Vegagerðarinnar þann 9. mars sl. þar sem fyrirsögnin er „Varasamt ástand vega í Reykhólasveit og Dölum“ og undirfyrirsögnin „nokkrum köflum breytt í malarvegi fram á sumar“. Reynt hefur verið að ná fundi með umhverfis- og samgöngunefnd alþingis með tölvupóstum en enn hefur það ekki skilað áheyrn enn sem komið er en vonandi kemst á talsamband. Það er í raun neyðarástand á vegum í Dalabyggð eins og raunar víðar og því ljóst að vegayfirvöld og fjárveitingavaldið verður að setja sig í stellingar svo ekki eigi enn verr að fara.




Dalabyggð skilaði inn umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu eins og fjöldi annarra bæði einkaaðila, félagasamtaka sem og sveitarfélaga. Það er óskandi að þau viðbrögð sem fram hafa komið vegna þessara vondu hugmynda sem hér er um að ræða verði til þess að skjalinu verði pakkað saman og sett í eyðingu.

Upplýsinga- og umræðufundur um framtíðarmöguleika Breiðarfjarðar verður haldinn mánudaginn 25. mars kl. 17:00 – 19:30 á Dalahótteli, Laugum í Sælingsdal.

*Ath. að upphaflega var fundurinn auglýstur mánudaginn 18. mars en var frestað vegna veðurs.*

Kynnt verður verkefni, sem hófst árið 2022 um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðarfjarðar með tilliti til byggðapróunar og sjálfbærrar nýtingar.

Markmið fundarins er að heyra sjónarmið íbúa og hagaðila, stýrihópi verkefnisins til upplýsinga, en hann mun síðan gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.



Eins og kunnugt er hafa kröfur fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 12 hafa verið birtar. Svæðið tekur til landsvæða utan strandlengju meginlandsins og innan landhelginnar. Gildir það um allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar á stórstraumsfjöru. Kröfugerðina fyrir Breiðafjörð má finna á heimasíðu Óbyggðanefndar ásamt fleiri nytsamlegum upplýsingum. Frestur til að lýsa kröfum er til 15. maí 2024. Nánari leiðbeiningar um málsmeðferð eru á heimasíðu Óbyggðanefndar. Eigendum eyja í Dalabyggð er bent á að skrá ítarlega allar eyjar, hólma, sker, flögur o.s.frv. í sinni eigu og lýsa kröfum í þær. Gríðarlega hörð viðbrögð hafa komið fram um þau vinnubrögð sem ríkisvaldið viðhefur í þessu máli og vil ég segja hér, eins og varðandi drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, að vonandi sér ríkið að sé og þakkar þessu máli saman og lætur kyrrt liggja.






Mikilvægir kjarasamningar hafa verið gerðir á almenna markaðnum og verður nú fróðlegt að sjá hvernig miðar samtalinu við opinbera starfsmenn. Það er til mikils að vinna að þar, eins og á almenna markaðnum, náist jafnvægi í samtalið því að er gríðarlega mikið í húfi að ná niður verðbólgu og í leiðinni vaxtastiginu í landinu. Sveitarstjórn Dalabyggðar lýsti eftirfarandi yfir á fundi sínum í janúar sl.

*„Sveitarstjórn Dalabyggðar fylgist náið með viðræðum Samtaka atvinnulífsins og landssambanda og stærstu stéttarfélaganna innan ASÍ. Eitt mikilvægasta verkefnið í kjaraviðræðunum er að ná niður verðbólgu og háu vaxtastigi. Slíkar hækkningar hafa komið afar illa niður á sveitarfélögum, heimilum og fyrirtækjum. Sveitarstjórn Dalabyggðar telur að samstillt átak allra þurfi til að ná niður verðbólgu og háu vaxtastigi. Til þess þurfa ríki, sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins og fyrirtæki landsins að leggjast á eitt og enginn getur skorast undan ábyrgð.“*

Þarna er sleginn sami tónn og mörg önnur sveitarfélög hafa gert og það er ljóst að ef kjarasamningar á opinbera markaðnum verða á sömu nótum og á almennum markaði þá munum við leggja mat á gjaldskrár Dalabyggðar með það að markmiði að stilla af þær gjaldskrár sem heimilt er að breyta. Jafnframt hefur Dalabyggð stigið inn í nú þegar ýmsa af þáttum sem tilgreindir eru í nýgerðum samningum og snúa að sveitarfélögum og vil ég þar nefna gjaldfrjálsan leikskóla fyrir elsta árgang (skólahóp) og að inntaka barna í leikskólann hefist strax í 12 mánaða aldur svo dæmi séu tekin.



---

Ég vil vekja athygli á að nú er opið fyrir umsóknir í Lóu – nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina og er opið fyrir umsóknir til og með 4. apríl. Styrkirnir eru nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina sem hafa það hlutverk að styðja við eflingu byggða og landshluta með nýskapandi verkefnum. Styrkjunum er aðeins úthlutað til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins í þeim tilgangi að styðja við atvinnulíf og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni. Nánar á heimsíðu SSV, <https://ssv.is/frettir/opid-fyrir-umsoknir-i-lou-nyskopunarstyrki-fyrir-landsbyggdina/>





Pósturinn hefur tilkynnt sveitarfélaginu um áform sín um að loka afgreiðslu félagsins í Búðardal þann 1. júní n.k. Við munum að sjálfsögðu taka til varna því staðsetning Búðardals er þannig að erfitt er að réttlæta þá lokun og auðvitað er vont að missa störf í samfélaginu. Byggðarráð fól undirrituðum að setja saman greinargerð og senda til Byggðastofnunar vegna þessara áforma en það er Byggðastofnun sem heldur utan um þann þátt þessa verkefnis út frá byggðarlegum forsendum.







Þann 18. mars fagnaði Mjólkursamsalan í Búðardal 60 ára afmæli. Það er ástæða til að gleðjast og vil ég hér óska MS og öllum þeim sem komið hafa að starfsemi þessa mikilvæga vinnustaðar hér í Dölum á þessum 60 árum innilega til hamingju með þennan stóra áfanga. Framleiðsla MS hér í Búðardal er margverðlaunuð og standa Dalaostarnir svo sannarlega undir nafni sem gæðavara.

Til hamingju MS !



## Árshátíð Auðarskóla

Þann 21.mars 2024

Klukkan 17:00

Húsið opnar 16:30

Leikskólinn byrjar með stutt atriði

Grunnskólinn setur á svið:

Dýrin í hálsaskógi

Ávaxtakörfuna

og

Með allt á hreinu

1500 kr inn

Frítt fyrir nemendur skólans

Árshátíð Auðarskóla verður haldinn núna í vikunni, n.t.t. fimmtudaginn 21. mars og hefst sýning nemendanna kl. 17:00. Það verður gaman að sjá og upplifa það sem nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eru búnir að vera að undirbúa undanfarna daga og vikur og meðal þess sem verður á dagskrá eru Dýrin í Hálsaskógi og Ávaxtakarfan og Með allt á hreinu þannig að við getum látið okkur hlakka til.





- BBP – 19/03/2024